

➤ Gáfurnar hafa þeir líka nýtt í að gera góðan geisladisk 53



Morgunblaðið/Eggert

Heiður Ólafur Ragnar Grímsson og Helgi Tómasson á Grímunni 2009.

Tilnefnt til leiklistarverðlauna

Tilnefningar til Grímunnar kynntar

Tilnefningar til Grímunnar, íslensku leiklistarverðlaunanna, voru kynntar í gær. Listann má sjá á mbl.is en helstu tilnefningar voru:

Sýning ársins

Djúpið, Faust, Fjölskyldan Ágúst í Osage-sýslu, Íslandsklukkan og Jesús litli

Barnasýning ársins

Algjör sveppi – Dagur í lífi stráks, Fífasól, Horn á höfði og Sindri silfurfiskur.

Leikkona ársins

Brynhildur Guðjónsdóttir, Halldóra Geirharðsdóttir tvær tilnefningar, Margrét Helga Jóhannsdóttir og Sigrún Edda Björnsdóttir.

Leikari ársins

Eggert Þorleifsson, Hilmir Snær Guðnason. Ingvar E. Sigurðsson tvær tilnefningar, og Þorsteinn Gunnarsson.

Leikstjóri ársins

Baltasar Kormákur, Benedikt Erlingsson tvær tilnefningar, Hilmir Snær Guðnason, Kristín Eysteinsdóttir.

Dansari ársins

Aðalheiður Halldórsdóttir tvær tilnefningar, Emílija Benedikta Gísladóttir, Steinunn Ketilsdóttir og Valgerður Rúnarsdóttir.

Tónlist Alþjóðlegt orgelsumar í 18. sinn

Upphafstónleikar tónleikaraðarinnar Alþjóðlegt orgelsumar 2010 í Hallgrímskirkju verða haldnir í dag kl. 12:00. Þá leikur Björn Steinar Sólbergsson organisti við Hallgrímskirkju og skólastjóri Tónskóla Þjóðkirkjunnar verk eftir íslensk og frönsk tónskáld ásamt ásamt Pièce d'orgue eftir J.S. Bach. Þetta 18. sumarið sem orgelhátíð er haldin í Hallgrímskirkju yfir sumartímann. Vegna mikillar eftirspurnar ferðamanna eftir tónleikum í Hallgrímskirkju byrjar tónleikatímabilið í ár fyrr en áður með hádegistónleikum á laugardögum allan júnímánuð og sunnudagstónleikum frá 27. júní.



Klais-orgel Hallgrímskirkju.

Myndlist Fruss og flæði Helgu í Iðu

Helga Sigurðardóttir opnar sýningu sem hún nefnir Fruss og flæði í listasal Iðuhússins í dag kl. 16:00.

Að sögn listakonunnar er innblástur að myndunum fenginn frá náttúruöflunum eins og til að mynda spúandi eldgosi og hraunfossi, en líka hafinu, öldugangi og skvettum sem toga í og er blái liturinn ráðandi. Vatn í öllum sínum myndum hefur áhrif.

Helga hefur sótt fjölda námskeiða við Myndlistarskóla Kópavogs og stundar nú nám í listfræði við Háskóla Íslands. Hún hefur haldið margar einkasýningar og tekið þátt í fjölda samsýninga.



Hluti úr einu verka Helgu.

Myndlist Kyrralíf í íslenskri samtímalist

Hafþór Yngvason sýningarstjóri Vanitas - Kyrralíf í íslenskri samtímalist flytur fyrirlestur um hugtakið „vanitas“ og skoðar í kjölfarið sýninguna með gestum í Listasafni Reykjavíkur á morgun kl. 15. Á sýningunni eru myndverk sem flokka má sem kyrralífsmýndir. Með því að setja verkin í nýtt samhengi er ætlunin að draga fram ákveðin einkenni á efnistökmum og uppsetningu verkana. Meðal listamanna sem eiga verk á sýningunni eru Dieter Roth, Ólöf Nordal, Haraldur Jónsson, Áslaug Thorlacius, Rósa Gísladóttir, Spessi, Ragnhildur Stefánsdóttir, Ólafur Gíslason og Anna Eyjólfsdóttir.



Hafþór Yngvason

Lokapunktur Listahátíðar

Kristinn Sigmundsson syngur eftirlætisáriur sínar með Sinfóníuhljómsveitinni

Arni Matthíasson
arnim@mbl.is

Lokapunktur Listahátíðar í Reykjavík 2010 verður einsöngstónleikar Kristins Sigmundssonar og Sinfóníuhljómsveitar Íslands í Háskólabíói í dag þar sem hann syngur eftirlætisáriur sínar. Petri Sakari, fyrrum aðalstjórnandi Sinfóníuhljómsveitarinnar, snýr aftur og stýrir sveitinni og Óperukórinn í Reykjavík syngur.

Kristinn Sigmundsson segir að ariúrvallið sem hann hyggst syngja sé hluti af því sem hann hefur sungið oft í gegnum tíðina og hefur dálæti á: „Þetta eru fallegar ariur og fjölbreyttar sem sýna breidd í stíl og innihaldi, allt frá alvarlegu upp í hálfgerðan flíaskap“, segir hann. „Ég valdi ariurnar með það í huga að fjölbreytnin yrði sem mest, en ekki til þess að hafa þematískt samhengi. Þetta verður hvort eð er brotið upp með klappi, forleikjum og kórsöng. Petri [Sakari] velur hljómsveitarverkin á milli og við leggjum blessun yfir verk hvors annars.“

Kristinn segir að undirbúningur



Morgunblaðið/Eggert

Fylleri Kristinn Sigmundsson syngur eftirlætisáriur sínar í Háskólabíói í dag.

Lokahnykkur

➤ Með tónleikumum lýkur Listahátíð í Reykjavík 2010 sem hófst 12. maí síðastliðinn.

➤ Enn eru fjölmargar ljósmyndasýningar Listahátíðar opnar og sumar verða opnar fram á haust.

➤ Einnig verða tvær leiksýningar í dag og í kvöld og Benni Hemm Hemm leikur á Akureyri.

hljómsveitin er á toppnum samborið við þær hljómsveitir sem ég þekki til.“

Pegar gengið er á Kristin um það hvaða ariur af dagskránni honum þyki skemmtilegast að syngja verst hann fimlega en svarar svo: „Mér þykir jafn vænt um þetta allt en ef ég verð að nefna eitthvað þá syng ég ariur úr Don Carlos eftir Verdi sem ég held mikið upp á, heila senu reyndar. Líka syng ég ariur úr Evgení Ónegín eftir Tsjajkovskí sem mér finnst gaman að syngja, en þetta er allt saman uppáhaldsáriur.“

Stofutónleikar í sumar

Fimmsta tónleikaröðin í stofunni á Gljúfrasteini

Safn Halldórs Laxness er rekið á heimili hans á Gljúfrasteini í Mosfellsbæ. Meðal þess sem gestir skoða þar er stofan á heimilinu sem er sérhönnuð fyrir tónlistarflutnings, enda var Halldór þryðilegur píanoleikari og áhugamaður um tónlist og tónlistarflutning. Undanfarin fjögur ár hefur verið haldin tónleikaröð á Gljúfrasteini, stofutónleikaröð, og sú fimmsta hefst á sunnudag kl. 16:00 með tónleikum Huldu Bjarkar Garðarsdóttur og félaga.

Guðný Dóra Gestsdóttir, forstöðumaður Gljúfrasteins, segir að frá því safnið fór af stað hafi verið ljóst að tónlistarflutningur yrði snar þáttur í starfsemi, enda væri tónlist svo samofin sögu hússins. „Stofan var sett upp eins og konsertsalur og viðarklæðingin í henni var einmitt valin á sínum tíma með það í huga þar átti að vera góður hljómburður og hann er líka æðislegur, enda voru oft haldnir hér tónleikar innlendra og erlendra listamanna í tíð Halldórs og Auðar.“

Þó stofan hafi verið hugsuð sem tónleiksalur ekki síður en stásstofa rúmar hún ekki marga og að sögn Guðnýjar gerist það oft í stofu-



Morgunblaðið/Erni

Fjölbreytt Hulda Björk Garðarsdóttir og félagar leika á Gljúfrasteini.

tónleikaröðinni að svo fullt verður að útir flóir. „Þá situr fólk frammi á gangi og þar er líka merkilega góður hljómur. Á safnanótt var KK með tónleika og þá komu svo margir að sumir stóðu fyrir utan stofugluggann til að heyra það sem fram fór.“

Á fyrstu stofutónleikumum á morgun syngur Hulda Björk Garðarsdóttir við undirleik Kjartans Valdemarssonar, Ásgeirs Ásgeirssonar og Ólafs Stolzenwald. Síðan verða vikulegir tónleikar, alla sunnudaga, út ágúst.

Fínt að fá að vera í friði

Árni Valur Axfjörð í Dauða galleríinu

Listamaðurinn Árni Valur Axfjörð heldur nú sína fyrstu einkasýningu í Dauða galleríinu á Laugavegi 29, bakhúsi. Árni Valur, sem unnið hefur að list sinni í tæpa tvo áratugi, er sjálfmenntaður í myndlist, en hann segist hafa sótt þrisvar um að komast Listaháskólann en aldrei komist inn. „Eftir þriðja skipti hætta ég að pæla í því og eftir á að hyggja er það kannski fínt að hafa fengið að vera í friði til að þróast sem listamaður og finna mér eigin stíl.“

Eins og áður er getið er þetta fyrsta einkasýningin, eða réttara sagt fyrsta alvöru einkasýningin, eins og Árni Axel orðar það, en hann sýndi silkiprykksmýndir á síðasta ári. Hann hefur líka málað með olíulitum. Á sýningunni í



Torræðni Listamaðurinn Árni Valur Axfjörð sýnir í Dauða galleríinu.

Dauða galleríinu eru lágmyndir og skúlptúrar sem hann hefur unnið að undanfarin tvö ár, kallar kollage-verk og segist finna sig vel í, en verkin eru unnin úr tré, gömlum hlutum, bókum og olíumálingu.